

**Íbúaráð Breiðholts 8. nóvember 2023: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts um umferðaröryggi og vegtengingar við nýtt húsnæði Garðheima MSS23110005**

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að tryggja að umferð vélknúinna ökutækja að nýopnuðum Garðheimum verði gerð greiðari og öruggari, t.d. með því að tengja betur saman Álfabakka og Reykjanesbraut með aðrein og frárein. Að lágmarki leggur íbúaráðið til að merkingar fyrir alla vegfarendur til og frá Garðheimum verði gerðar eins glöggar og kostur er.

**Greinargerð:**

Það hefur komið fram í fjölmiðlum undanfarna daga og vikur að frágangur framkvæmda við Álfabakka/Árskóga/Reykjanesbraut í tengslum við nýrasið mannvirki sem hýsir m.a. Garðheima sé ófullnægjandi og óvissa ríkir um hvernig umferð verði stjórnað til lengri tíma. Þörf er á að íbúaráðið taki á þessu málefni og beini því til borgarráðs að úr þessu verði bætt sem skjótast.